

17.11.2014

Til nefndasviðs Alþingis.

Efni. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 26. Mál.

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi nefndasviðs Alþingis, dags. 4. nóvember 2014, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um ofan greinda þingsályktunartillögu.

Landgræðslan er fremur fylgjandi þeirri hugmynd sem fram kemur í tillögunni, en telur ekki tímabært að fjalla um málið með efnislegum hætti þar sem mjög er enn óljóst um mörk hugsanlegs þjóðgarðs, hvernig starfsemi hans verður háttað o.s.frv.

Landgræðslan mun því bíða með frekari umsögn um þetta mál þar til meiri vitneskja liggur fyrir um Hofsjökulspjóðgarð, verði niðurstaðan sú að stefna að stofnun hans.

Með bestu kveðjum,
f.h. Landgræðslu ríkisins,
Guðmundur Stefánsson,
sviðsstjóri landverndarsviðs